

Fundur með sérfræðingum Menntamálastofnunar

9. maí 2017, kl. 13:00, haldinn hjá Menntamálastofnun, Víkurhvarfi 3

Ýmis mál rædd og umræðuefni fyrsta fundar rifjuð upp:

- Sérfræðingar MMS lögðu áherslu á að almenningsbókasöfn nýti krafta þeirra í sumarlestrinum og minntu á beiðnir sem berast þurfa í gegnum vef þeirra.
- Sérfræðingar MMS sögðu frá smábókaskápnunum og rafbókaskápnunum sem foreldrar og börn geta nýtt sér.
- Bókasöfn.is. vefurinn var aftur ræddur og einnig sú hugmynd að safna saman vefsíðum almenningsbókasafna eftir landshlutum. Stjórn SFA mun koma þessu áleiðis til sinna félaga.
- Bókasafnsdagurinn ræddur aftur, en mörg söfn nýta hann fyrir uppskeruhátíðir sumarlestrar.
- Sérfræðingar MMS sögðu frá læsisdagatali sem er í vinnslu hjá þeim og mun vera aðgengilegt til útprintunar á vef MMS.
- Aftur var rætt um krakkarúv og mögulegt samstarf varðandi sumarlesturinn.
- Rætt um möguleikann á samráðshópi en engin niðurstaða.

Engar ákvarðanir voru teknar um næsta fund.

LZV